

Alþingi
Erindi nr. P 133/1469
komudagur 6.3.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, nefndarsvið
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2007 02-2007020447

Umsögn ríkisskattstjóra. 382. mál: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á skattlagningu lífeyrisgreiðslna

Með bréfi dags. 12. febrúar 2007 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um framangreint þingmál. Í tillögunni er lagt til að fjármálaráðherra verði falið að leggja fram frumvarp þess efnis að lífeyrir úr lífeyrissjóðum verði skattlagður sem fjármagnstekjur og að athugaðir verði möguleikar á að slíkt taki einnig til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Tillaga þessi er af hálfu flutningsmanna studd þeim rökum annars vegar að um sé að ræða réttlætismál með tilliti til jafnræðis við þá sem greiða fjármagnstekjuskatt af arði eða vöxtum og hins vegar með því að með þessu yrði hagur eldri borgara bættur verulega. Ríkisskattstjóri leyfir sér að vekja athygli á eftirfarandi:

Þau rök flytjenda tillögunnar að í núverandi skattlagningu lífeyris felist misræmi og ójöfnuður gagnvart tekjum af sparnaði þarfnast nánari athugunar.

Vegna frádráttar iðgjalda frá skattstofni bæði hjá launagreiðanda og launþega er lífeyririnn að stofni til óskattlagt fé og ekki næst jöfnuður við launatekjur nema með því að lífeyrir að meðtalinni ávöxtun hans hjá sjóðunum sé skattlagður eins og laun.

Af hálfu flutningsmanna tillögunnar er talið að hún feli í sér mikla kjarabót fyrir allan þorra eldri borgara og er jafnframt bent á bágan hag hluta þeirra. Samkvæmt útreikningum sem embætti ríkisskattstjóra hefur gert yrðu áhrif af framkvæmd tillögunnar ef miðað er við að hún hefði verið komin til framkvæmda við álagningu skatta 2006, sú að samtals myndu skatttekjur ríkis og sveitarfélaga lækka um 6,6 milljarða króna sem skiptist að jöfnu á ríkið og sveitarfélögin eins og nánar kemur fram í eftirfarandi töflu.

Breyting á sköttum lífeyrisþega


	Tekju- skattur	Fjármagns- tekjuskattur	Ríki samtsals	Útsvar	Samtals
Hjón	-3.394	1.442	-1.952	-1.900	-3.852
Einhleypir	-2.404	1.052	-1.352	-1.430	-2.782
Alls	-5.798	2.494	-3.304	-3.330	-6.634

Hvað varðar áhrif þessarar lækkunar á skattgreiðslur einstakra tekjuhópa lífeyrisþega sýnir athugunin að hún yrði allmisjöfn eins og meðfylgjandi tafla ber með sér. Eins og þar kemur fram yrði lækkunin mest hlutfallslega hjá hjónum með árstekjur að fjárhæð 3 - 9 m.kr. og

mest lækkun í fjárhæðum hjá þeim sem eru með háar tekjur. Lækkun hjá hjónum með undir 3 m.kr. í árstekjur yrði alls um 1 milljarður króna sem er að meðaltali rúmlega 200 þús. kr. á ári á hjón en rúmlega 2,7 milljarðar króna alls eða um 560 þús. kr. á hjón hjá þeim sem eru yfir þeim mörkum. Hjá einhleypum með undir 1,8 m.kr. í árstekjur yrði lækkunin alls um 700 m.kr. eða um 56 þús. kr. á mann en um 2,1 milljarðar króna eða um 300 þús. kr. á mann hjá þeim sem hærri tekjur hafa. Tölur þessar sýna glögg að áhrif af tillögunni yrðu ekki þau að bæta fyrst og fremst hag þeirra í hópi lífeyrisþega sem lægstar tekjur hafa og ljóst að til þess eru aðrar leiðir greiðari og ódýrari.

Það fyrirkomulag, sem tillaga er gerð um, felur í sér að gera greinarmun á tekjum eftir því hvers eðlis þær eru. Lífeyrir úr lífeyrissjóðum er þar að auki nátengdur launatekjum og í eðli sínu launatekjur sem njóta þess að skattlagningu þeirra hefur verið frestað. Ef af breytingunni yrði eins og lagt er til myndi útsvar sveitarfélaga af tekjum lífeyrisþega lækka verulega.

Að framangreindum atriðum virtum þykir ríkisskattstjóra eins og fyrr greinir, ástæða til að kannað verði ítarlega hvort þörf verði talin á að raska núverandi skipan þessara mála.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Steinþór Haraldsson

Fylgiskjal:

Tafla, skattur á lífeyri

Breyting á sköttum lífeyrisþega

	Tekju- skattur	Fjármagns- tekjuskattur	Ríki samtals	Útsvar	Samtals
Hjón	-3.394	1.442	-1.952	-1.900	-3.852
Einhleypir	-2.404	1.052	-1.352	-1.430	-2.782
Alls	-5.798	2.494	-3.304	-3.330	-6.634

Breyting á sköttum lífeyrisþega eftir tekjum

Hjón Tekjubil	Fjöldi	Lækkun skatta	Lækkun skatthlutfalls	Lækkun meðalskatta
0-1.500	249	0	0,00%	0
1.500-2.400	743	-30.795	-1,97%	-41.447
2.400-3.000	2.246	-428.933	-7,03%	-190.976
3.000-3.600	2.002	-627.355	-9,56%	-313.364
3.600-4.500	1.545	-657.344	-10,67%	-425.465
4.500-6.000	1.416	-734.937	-10,04%	-519.023
6.000-9.000	1.147	-731.494	-8,89%	-637.745
9.000-14.100	487	-367.435	-6,94%	-754.487
> 14.100	342	-274.056	-1,81%	-801.333
Alls	10.177	-3.852.349	-6,80%	-378.535
Tekjur < 3.600	5.240	-1.087.083	-7,53%	-207.459
Tekjur > 3.600	4.937	-2.765.266	-6,55%	-560.111

Einhleypir Tekjubil	Fjöldi	Lækkun skatta	Lækkun skatthlutfalls	Lækkun meðalskatta
0-750	1.834	0	0,00%	0
750-1.200	691	-10.199	-1,97%	-41.447
1.200-1.500	1.658	-123.178	-7,03%	-190.976
1.500-1.650	2.046	-215.335	-9,56%	-313.364
1.650-1.800	2.103	-336.273	-10,67%	-425.465
1.800-2.100	2.253	-503.276	-10,04%	-519.023
2.100-3.000	1.919	-563.063	-8,89%	-637.745
3.000-4.950	1.251	-644.191	-6,94%	-754.487
> 4.950	608	-387.162	-1,81%	-801.333
Alls	14.363	-2.782.677	-6,80%	-378.535
Tekjur < 1.800	6.229	-684.986	-5,03%	-55.982
Tekjur > 1.800	8.134	-2.097.691	-9,86%	-299.233

- 5 MARS 2007
Shw.